

## Ársreikningur Dalvíkurbyggðar árið 2016

Framsaga á fundi sveitarstjórnar 12. apríl 2017

Fyrir um ári síðan þegar ársreikningur Dalvíkurbyggðar árið 2015 var kynntur var þess getið að ýmsar blikur væru á lofti varðandi fjárhagstöðu sveitarfélagsins og afkoma aðalsjóðs væri áhyggjuefni. Einnig var þess getið að á næstu mánuðum þyrfti sveitarstjórn og stjórnendur Dalvíkurbyggðar að rýna vel í reksturinn. Ráðast þyrfti í það verkefni að aðlaga rekstur sveitarfélagsins að því svigrúmi sem sveitarfélagið hefur með tilliti til tekna og íbúafjölda.

Aðlögun og aðhaldssemi í rekstri hefur nú skilað þeim árangri að samkvæmt samstæðureikningi **A og B hluta** er hagnaður af rekstri sem nemur tæpum 250 milljónum sem er methagnaður hjá sveitarfélaginu. Er þetta um 125 milljónum betri niðurstaða en gert var ráð fyrir m.v. áætlun með viðaukum og um 156 milljónum betri en m.v. upphaflega áætlun. **Tekjur** samstæðunnar námu ríflega 2,1 milljarði og hafa aldrei verið hærri. Skatttekjur námu ríflega 1,4 milljarði og þar af framlag Jöfnunarsjóðs tæplega 483 milljónum. Þjónustutekjur voru um 691 milljón.

Um rekstrarniðurstöðu **A hluta** er það að segja að hann var rekinn með hagnaði á árinu upp á 140 milljónir á móti 81 milljóna hagnaði 2015. **Aðalsjóður** var rekinn með 44 milljóna hagnaði á móti 124 milljóna tapi 2015. **Eignasjóður** er með jákvæða rekstrarniðurstöðu upp á ríflega 96 milljónir á móti 42,5 milljónum í hagnað árið 2015.

Um rekstrarniðurstöðu B hluta er það að segja að öll **B-hluta** fyrirtækin skiluðu afgangi og nam hagnaður B-hluta 110 milljónum. Samtals varð því hagnaður A og B hluta 250 milljónir eins og áður segir.

**Rekstrargjöld** samstæðunnar án afskrifta og fjármagnsliða námu 1.703 milljónum og voru ríflega 26 milljónum lægri en

áætlun. Þar af er launakostnaður um 14 milljónum hærrí en áætlun með viðaukum en annar rekstrarkostnaður lægri sem nemur 40 milljónum.

Samstæðan þ.e. er A og B hluti skiluðu **framlegð** upp á 19,9% sem er besta niðurstaða undanfarinna ára en framlegðarhlutfall samstæðunnar hefur verið um 15% en fór lægst í 9,8% árið 2015.

**Veltufé frá rekstri** samstæðunnar sem er það reiðufé sem sveitarfélagið hefur til að standa skil á afborgunum skulda og til fjárfestinga var rúmlega 363 milljónir sem er hækkun upp á 169 milljónir frá fyrra ári og hækkar sem hlutfall af rekstrartekjum úr 10,3% árið 2015 í 17,1% fyrir árið 2016.

**Fjárfestingar** ársins voru um 273 milljónir en á móti nam söluverð rekstrarfjármuna um 112 milljónum sem gaf samtals söluhagnað upp á 72 milljónir. Á árinu voru greidd upp langtímalán að upphæð 171 milljón og rúmlega 15 milljónir voru greiddar vegna lífeyrisskuldbindinga. Heimild var í fjárhagsáætlun að taka 150 milljónir að láni en niðurstaðan var að taka 100 milljónir. **Uppgreiddar langtímaskuldir** samstæðunnar umfram lántöku námu því rúmlega 86 milljónum. Með því móti komst **skuldahlutfall** A og B hluta sveitarfélagsins í **53,7%** á mælikvarða viðmiðunarskilgreiningar Eftirlitsnefndar sveitarfélaga en sambærileg tala árið 2015 var 69,2%.

**Efnahagur** hjá samstæðu sveitarfélagsins tekur nokkrum breytingum á milli ára. Ánægjulegasta breytingin í efnahagnum er að langtímaskuldir halda áfram að lækka úr um 630 milljónum í um 567 milljónir sem gera rúmlega 63 milljóna lækkun langtímaskulda eða 10,1% lækkun. **Eigið fé** samstæðunnar hækkar úr rúmlega 2,1 milljarði í tæplega 2,5 milljarða og er **eiginfjárhluftall** samstæðunnar nú komið í 63% og hækkar um 4 prósentustig á milli ára. **Handbært fé** í ársbyrjun var 136 milljónir en er nú 217 milljónir og hækkar um 81 milljón.

Eins og áður hefur komið hér fram voru ýmsar blikur á lofti varðandi fjárhagsstöðu sveitarfélagsins fyrir um ári síðan. Afkoma aðalsjóðs var áhyggjuefni en nú sjáum við aðra stöðu þar sem aðalsjóður er sjálfbær á árinu 2016. Sveitarstjórn og stjórnendur verða hins vegar að vera áfram vel vakandi fyrir rekstrinum. Töluverðar framkvæmdir eru framundan og vonandi náum við að láta reksturinn skila því sem þarf til að standa straum af nauðsynlegum framkvæmdum. Ýmislegt hefur áunnist á undanförunum árum og er þar helst að nefna að heildarskuldir hafa lækkað úr 105% skuldaviðmiði árið 2011 í 53,7% árið 2016.

Að lokum er lagt til að ársreikningi Dalvíkurbyggðar fyrir árið 2016 verði vísað til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Bjarni Th. Bjarnason  
Sveitarstjóri

Dalvíkurbyggð

Ársreikningur 2016

Dalvíkurbyggð  
Ráðhúsinu  
620 Dalvík

kt. 620598-2089

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

# Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

---

Ársreikningur Dalvíkurbyggðar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 2.127,0 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 2.020,6 millj. kr. Rekstrartekjur A hluta námu 1.747,3 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 1.648,4 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,49% en lögbundið hámark þess er 0,625%. Í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% sem er lögbundið hámark.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 249,3 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 124,9 millj. kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 139,6 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 9,6 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 2.468,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 1.869,8 millj. kr.

Ársreikningur Dalvíkurbyggðar fyrir árið 2016 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn í samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Dalvíkurbyggð, 2017.

Byggðarráð:

Sveitarstjóri:

Ársreikningur Dalvíkurbyggðar fyrir árið 2016 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga og er staðfestur við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Dalvíkurbyggð, 2017.

Sveitarstjórn:

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Endurskoðandi sveitarfélagsins mun árita ársreikninginn samhliða áritun sveitarstjórnar við síðari umræði í sveitarstjórn.

## Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2015
<b>Rekstrartekjur</b>							
Skatttekjur án framl. Jöfnunarsj. ....	4	960.009	965.350	898.138	953.392	958.498	891.334
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	4	482.676	420.024	340.071	482.676	420.024	340.071
Þjónustutekjur og aðrar tekjur .....	4	304.586	263.065	298.055	690.887	642.050	654.098
		<u>1.747.271</u>	<u>1.648.439</u>	<u>1.536.264</u>	<u>2.126.955</u>	<u>2.020.572</u>	<u>1.885.503</u>
<b>Rekstrargjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	5	1.004.958	994.348	957.148	1.078.142	1.064.540	1.023.298
Annar rekstrarkostnaður .....	6	534.823	580.030	583.305	624.627	664.535	676.368
		<u>1.539.781</u>	<u>1.574.378</u>	<u>1.540.453</u>	<u>1.702.769</u>	<u>1.729.075</u>	<u>1.699.666</u>
Rekstrarniðurst. fyrir afskriftir .....		207.490	74.061	( 4.189)	424.186	291.497	185.837
Afskriftir .....	9	( 76.648)	( 71.824)	( 76.083)	( 133.797)	( 129.712)	( 136.045)
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda .....		130.842	2.237	( 80.272)	290.389	161.785	49.792
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	7	8.774	7.323	( 934)	( 27.424)	( 27.289)	( 44.251)
Rekstrarniðurstaða fyrir tekjuskatt		139.616	9.560	( 81.206)	262.965	134.496	5.541
Tekjuskattur .....	15	0	0	0	( 13.667)	( 9.622)	( 9.660)
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>	<b>13</b>	<u>139.616</u>	<u>9.560</u>	<u>( 81.206)</u>	<u>249.298</u>	<u>124.874</u>	<u>( 4.119)</u>



# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2016	2015	2016	2015
<b>Fastafjármunir</b>					
Rekstrarfjármunir:					
Fasteignir, lóðir og lendur .....		2.119.055	1.935.758	2.209.962	2.059.724
Veitukerfi, hafnamannvirki og götur .....		216.403	205.172	1.071.543	1.065.278
Vélar, áhöld og tæki .....		52.801	55.981	56.500	60.529
	9	<u>2.388.259</u>	<u>2.196.911</u>	<u>3.338.005</u>	<u>3.185.531</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í félögum .....	10	155.341	155.326	155.341	155.326
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	11	90.353	96.628	0	0
		<u>245.694</u>	<u>251.954</u>	<u>155.341</u>	<u>155.326</u>
Fastafjármunir		<u>2.633.953</u>	<u>2.448.865</u>	<u>3.493.347</u>	<u>3.340.857</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur .....	12	132.225	129.940	187.431	177.839
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....		21.615	33.075	0	0
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki .....	11	8.300	7.773	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....	12	17.390	13.677	18.759	13.845
Handbært fé .....		<u>217.060</u>	<u>136.206</u>	<u>217.060</u>	<u>136.206</u>
Veltufjármunir		<u>396.590</u>	<u>320.671</u>	<u>423.250</u>	<u>327.890</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>3.030.543</u>	<u>2.769.536</u>	<u>3.916.597</u>	<u>3.668.747</u>
Eignir utan efnahagsreiknings .....	3j				

## 31. desember 2016

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2016	2015	2016	2015
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	13	1.869.823	1.676.641	2.468.366	2.165.503
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....	14	450.216	433.566	477.855	460.572
Tekjuskattsskuldbinding .....	15	0	0	70.816	75.962
		450.216	433.566	548.671	536.534
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	16	265.181	239.484	566.936	630.288
		265.181	239.484	566.936	630.288
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		176.227	151.806	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	16	68.350	61.591	104.457	99.182
Næsta árs greiðsla lífeyrisskuldbindinga .....	14	14.880	3.683	15.794	3.911
Tekjuskattur til greiðslu .....	15	0	0	18.814	14.593
Aðrar skammtímaskuldir .....		185.866	202.765	193.559	218.736
		445.323	419.845	332.624	336.422
Skuldir og skuldbindingar samtals		1.160.720	1.092.895	1.448.231	1.503.244
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>3.030.543</b>	<b>2.769.536</b>	<b>3.916.597</b>	<b>3.668.747</b>

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2016

Skýr	A hluti			A og B hluti			
	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2015	
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða .....	13	139.616	9.560	( 81.206)	249.298	124.874	( 4.119)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir .....	9	76.648	71.824	76.083	133.797	129.712	136.045
Verðbætur langtímalíða .....	7	2.701	4.962	3.212	12.953	14.480	14.875
Söluhagnaður .....		( 41.982)	( 51.834)	0	( 72.012)	( 83.387)	( 9.592)
Skattskuldbinding, breyting .....		0	0	0	( 5.147)	9.622	( 4.932)
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	14	42.645	54.005	61.789	44.538	55.688	62.246
Veltufé frá rekstri		219.628	88.517	59.878	363.427	250.989	194.523
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:							
Oinnheimtar tekjur, breyting .....		( 2.285)	0	( 27.998)	( 9.592)	0	( 29.902)
Skammtímafröfur, breyting .....		( 3.713)	0	22.806	( 4.914)	0	27.449
Skammtímaskuldir, breyting .....		( 16.898)	0	8.485	( 20.955)	0	7.271
Samtals		( 22.896)	0	3.293	( 35.461)	0	4.818
Handbært fé frá rekstri		196.732	88.517	63.171	327.966	250.989	199.341
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	9	( 226.566)	( 227.670)	( 81.785)	( 272.881)	( 290.670)	( 116.214)
Söluverð rekstrarfjármuna .....		54.117	63.910	0	112.187	123.260	25.747
Eignarhlutir í félögum, breyting .....		( 16)	( 16)	( 21)	( 16)	( 16)	( 21)
Langtímafr. á eigin fyrirtæki, breyting .....	11	7.852	8.045	17.110	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		( 164.613)	( 155.731)	( 64.696)	( 160.710)	( 167.426)	( 90.488)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Viðskiptastaða eigin ft, breyting .....		35.882	39.566	21.757	0	0	0
Greitt vegna lífeyrissk. bindingar .....	14	( 14.798)	( 10.966)	( 11.123)	( 15.372)	( 10.966)	( 11.483)
Tekin ný langtímalán .....		100.000	150.000	0	100.000	150.000	0
Afborganir langtímalána .....	16	( 72.349)	( 62.591)	( 61.025)	( 171.030)	( 173.802)	( 149.286)
Fjármögnunarhreyfingar		48.735	116.009	( 50.391)	( 86.402)	( 34.768)	( 160.769)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		80.854	48.795	( 51.916)	80.854	48.795	( 51.916)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		136.206	136.206	188.122	136.206	136.206	188.122
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		217.060	185.001	136.206	217.060	185.001	136.206

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Dalvíkurbyggð er sveitarfélag á Norðurlandi og voru íbúar þess 1.818 þann 1. desember 2016.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnarsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Dalvíkurbyggðar árið 2016 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Félagslegar íbúðir, Fráveita, Hafnasjóður, Hitaveita og Vatnsveita.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er gerður í íslenskum krónum.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

### a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### d. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádragnum afskriftum. Fjárfesting í gatnagerð og veitukerfum er eignfærð að frádragnum álöggðum gatnagerðargjöldum og tengigjöldum.

Lóðir og lendum sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendum eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lenda er fært í eiginfjárreikning.

Í árslok 2007 var framkvæmt sérstakt endurmat á veitukerfum og fasteignum hitaveitunnar. Við endurmatið voru viðkomandi eignaflokkar metnir til kostnaðarverðs m.t.t. afskrifta.

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

#### d. Rekstrarfjármunir, frh.

Hitaveitukerfi og fasteignir hitaveitu eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum. Allar verðhækkunir vegna endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskattsskuldbindingu. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlaush endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Við sölu eða niðurlagningu eigna er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Endurmat hitaveitukerfa og fasteigna hitaveitu var síðast framkvæmt í árslok 2007.

Um einskiptis endurmat var að ræða í samræmi við þágildandi ákvæði laga um að um verulega og varanlega hækkun væri að ræða. Lagaákvæðinu hefur nú verið breytt á þann veg að kjósi félag að endurmeta rekstrarfjármuni skuli endurmat til gangvirðis fara fram árlega. Lagaleg óvissa er um hvort lagabreytingin nær til eigna sem áður voru endurmetnar með einskiptis endurmati eða eingöngu til rekstrarfjármuna sem félag kýs að færa á gangvirði eftir lagabreytingarnar. Vegna þessarar óvissu og þess skamma tíma sem leið frá lagabreytingum til loka reikningsársins hefur sveitarfélagið ekki endurmetið fyrrgreinda rekstrarfjármuni að nýju. Verði því gert skylt að færa áður endurmetnar fasteignir sínar árlega til gangvirðis mun gangvirðismat fara fram í árslok 2017.

#### e. Afskriftir rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	10 - 40 ár
Veitukerfi, hafnamannvirki og götur.....	25 ár
Vélar, áhöld og tæki.....	5 - 15 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

#### f. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflökks.

#### g. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

#### h. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

#### i. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

#### j. Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í landi og gatnaframkvæmdum fyrir ársbyrjun 2002, hefur áður verið gjaldfærð og er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

#### k. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2016. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 14.

#### l. Tekjuskattur

Tekjuskattsskuldbinding hitaveitunnar er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi veitunnar hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil veitunnar og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi.

## Skýringar, frh.:

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

#### I. Tekjuskattur, frh.

Tekjuskattur á hagnað eða tap ársins innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki að hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé, en þá er hann færður á eigið fé.

#### m. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

#### n. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2016 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringum 20 og 21.

### 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum
<b>Útsvar og fasteignaskattur:</b>				
Útsvar.....	854.333	854.907	854.333	854.907
Fasteignaskattur.....	105.676	110.443	99.059	103.591
	960.009	965.350	953.392	958.498
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>				
Framlag vegna tekjujöfnunar.....	7.515	0	7.515	0
Framlag vegna fasteignaskatts.....	67.937	65.692	67.937	65.692
Framlag vegna útgjaldajöfnunar.....	218.712	179.140	218.712	179.140
Framlag vegna grunnskóla.....	101.495	101.785	101.495	101.785
Önnur framlög.....	87.017	73.407	87.017	73.407
	482.676	420.024	482.676	420.024
Skatttekjur samtals .....	1.442.685	1.385.374	1.436.068	1.378.522
<b>Aðrar tekjur:</b>				
Þjónustutekjur.....	117.037	113.926	473.772	459.256
Eignatekjur.....	55.078	48.835	79.139	74.837
Endurgreiðslur.....	59.141	34.799	59.141	34.799
Aðrar tekjur.....	73.330	65.505	78.835	73.158
	304.586	263.065	690.887	642.050
Rekstrartekjur samtals.....	1.747.271	1.648.439	2.126.955	2.020.572

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	763.475	744.792	822.131	801.634
Endurgreiddur og eignf. launakostnaður.....	( 1.618 )	0	( 3.794 )	0
Launatengd gjöld .....	200.456	195.551	215.267	207.218
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.....	42.645	54.005	44.538	55.688
Laun og launatengd gjöld samtals .....	1.004.958	994.348	1.078.142	1.064.540
Ársverk .....	120		127	

Laun sveitarstjórnar og sveitarstjóra námu 21,8 millj. kr. á árinu 2016 en námu 20,3 millj. kr. á árinu 2015.

## Skýringar, frh.:

### 6. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum
Vöru- og þjónustukaup.....	377.851	393.805	463.146	473.347
Skattar og önnur opinber gjöld.....	6.466	6.860	7.246	7.623
Styrkir, framlög og annar kostnaður.....	150.506	179.365	154.235	183.565
Annar rekstrarkostnaður samtals.....	534.823	580.030	624.627	664.535

### 7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Vaxtatekjur .....	14.103	12.454	7.438	16.903
Arður af eignarhlutum.....	27.230	24.712	8.187	5.669
Vaxtagjöld .....	( 29.858 )	( 24.880 )	( 30.096 )	( 35.381 )
Verðbætur.....	( 2.701 )	( 4.964 )	( 12.953 )	( 14.480 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.) samtals.....	8.774	7.323	( 27.424 )	( 27.289 )

Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins var gert ráð fyrir 1,8% verðbólgu en verðbólga ársins 2016 nam 2,1%.

### 8. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2016			Áætlun 2016 með viðaukum
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Nettó
<b>Aðalsjóður:</b>				
Skatttekjur .....		1.502.359	1.502.359	1.440.568
Félagsþjónusta .....	154.216	23.227	( 130.989 )	( 152.374 )
Heilbrigðismál .....	6.616	2.620	( 3.996 )	( 4.385 )
Fræðslu- og uppeldismál .....	834.873	97.238	( 737.635 )	( 746.741 )
Menningarmál .....	93.977	5.246	( 88.731 )	( 91.694 )
Æskulýðs- og íþróttamál .....	312.044	44.573	( 267.471 )	( 283.847 )
Brunamál og almannavarnir .....	35.637	1.281	( 34.356 )	( 33.037 )
Hreinlætismál .....	44.875	29.597	( 15.278 )	( 21.152 )
Skipulags- og byggingarmál .....	37.794	13.887	( 23.907 )	( 25.121 )
Umferðar- og samgöngumál .....	63.344	545	( 62.799 )	( 68.051 )
Umhverfismál .....	34.841	1.392	( 33.449 )	( 32.507 )
Atvinnumál .....	26.471	4.873	( 21.598 )	( 24.024 )
Framlög til B hluta .....	11.141	0	( 11.141 )	( 23.677 )
Sameiginlegur kostnaður .....	158.547	51.794	( 106.753 )	( 109.304 )
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....	42.645	0	( 42.645 )	( 54.005 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	22.682	145.226	122.544	121.750
Aðalsjóður samtals	1.879.702	1.923.858	44.154	( 107.603 )
<b>A hluta stofnanir:</b>				
Eignasjóður .....	286.054	381.516	95.462	117.163
Innri færslur A hluta .....	( 412.878 )	( 412.878 )	0	0
A hluti samtals	1.752.878	1.892.496	139.616	9.560

## Skýringar, frh.:

### 8. Heildaryfirlit um rekstur, frh.

	Ársreikningur 2016			Áætlun 2016 með viðaukum
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Nettó
<b>B hluta fyrirtæki:</b>				
Félagslegar íbúðir .....	31.087	66.541	35.454	46.417
Fráveita .....	43.243	54.001	10.758	15.372
Hafnasjóður .....	62.981	114.081	51.100	43.116
Hitaveita .....	136.667	150.090	13.423	15.771
Vatnsveita .....	35.678	53.668	17.990	13.680
Innri færslur A og B hluta .....	( 58.696 )	( 77.739 )	( 19.043 )	( 19.043 )
A og B hluti samtals	2.003.838	2.253.138	249.298	124.874

### 9. Rekstrarfjármunir

#### a. Bókfært verð

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Veitukerfi, hafnamannvirki og götur		Vélar, áhöld og tæki	Samtals
	Fasteignir, lóðir og lendur			
<b>A hluti</b>				
Heildarverð 1.1.2016 .....	3.021.493	272.250	151.293	3.445.036
Afskrifað áður .....	( 1.085.735 )	( 67.078 )	( 95.312 )	( 1.248.125 )
Bókfært verð 1.1.2016 .....	1.935.758	205.172	55.981	2.196.911
Viðbót á árinu .....	194.010	22.600	9.956	226.566
Selt og fært út á árinu .....	( 12.135 )	0	0	( 12.135 )
Endurmat lóða og lendna .....	53.565	0	0	53.565
Afskrifað á árinu .....	( 52.143 )	( 11.370 )	( 13.134 )	( 76.648 )
Bókfært verð 31.12.2016 .....	2.119.055	216.403	52.801	2.388.259
Heildarverð 31.12.2016 .....	3.206.437	294.851	161.247	3.662.535
Afskrifað samtals .....	( 1.087.382 )	( 78.448 )	( 108.446 )	( 1.274.276 )
Bókfært verð 31.12.2016 .....	2.119.055	216.403	52.801	2.388.259
Afskriftarhlutföll .....	0 - 10,0%	4,0%	6,7 - 20,0%	
<b>A og B hluti</b>				
Heildarverð 1.1.2016 .....	3.322.062	2.091.396	173.399	5.586.857
Afskrifað áður .....	( 1.262.338 )	( 1.026.118 )	( 112.870 )	( 2.401.326 )
Bókfært verð 1.1.2016 .....	2.059.724	1.065.278	60.529	3.185.531
Viðbót á árinu .....	194.009	68.916	9.956	272.881
Selt og fært út á árinu .....	( 40.176 )	0	0	( 40.176 )
Endurmat lóða og lendna .....	53.565	0	0	53.565
Afskrifað á árinu .....	( 57.162 )	( 62.650 )	( 13.985 )	( 133.797 )
Bókfært verð 31.12.2016 .....	2.209.962	1.071.543	56.500	3.338.005
Heildarverð 31.12.2016 .....	3.529.462	2.160.311	183.355	5.873.128
Afskrifað samtals .....	( 1.319.500 )	( 1.088.768 )	( 126.855 )	( 2.535.123 )
Bókfært verð 31.12.2016 .....	2.209.962	1.071.543	56.500	3.338.005
Afskriftarhlutföll .....	0 - 10,0%	4,0%	6,7 - 20,0%	



## Skýringar, frh.:

### 9. Rekstrarfjármunir, frh.

#### b. Fjárfesting

Fjárfesting í rekstrarfjármunum á árinu:

	Rauntölur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum
A hluti.....	226.566	227.670
B hluta fyrirtæki:		
Fráveita .....	7.926	9.000
Hafnasjóður .....	16.382	31.000
Hitaveita .....	11.122	11.000
Vatnsveita .....	10.885	12.000
A og B hluti samtals	272.881	290.670

#### c. Fasteignamat og váttryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og bókfært verð rekstrarfjármuna skiptist þannig:

	Brunabótamat	Fasteignamat	Bókfært verð 31.12.2016
Skólahúsnæði .....	1.134.950	340.110	193.987
Leikskólar .....	364.360	113.080	399.693
Íþróttamannvirki .....	1.869.985	509.187	679.095
Íbúðarhúsnæði .....	478.760	238.770	83.709
Aðrar fasteignir .....	2.158.094	659.037	256.568
Lóðir, lendur og aðrar eignir .....			596.910
Götur .....			216.403
Hafnamannvirki .....			125.088
Veitumannvirki .....			730.052
Vélar, áhöld og tæki .....			56.500
Samtals .....			3.338.005

#### Viðlagatrygging

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru hafna- og veitumannvirki tryggt vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti hafnamannvirkja nemur 1.617,9 millj. kr. og veitumannvirkja 1.996,2 millj. kr. í árslok 2016.

#### Tryggingaverð lausafjármuna

Tryggingaverð lausafjármuna greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Félagsþjónusta .....	2.254	2.254
Fræðslumál .....	103.701	103.701
Menningarmál .....	92.065	92.065
Æskulýðs- og íþróttamál .....	89.617	89.617
Brunamál og almannavarnir .....	29.844	29.844
Hreinlætismál.....	12.782	12.782
Skipulags- og byggingarmál .....	3.179	3.179
Sameiginlegur kostnaður .....	29.939	29.939
Fráveita.....		5.329
Hafnasjóður .....		16.317
Hitaveita.....		67.412
Vatnsveita.....		9.806
	363.381	462.245

## Skýringar, frh.:

### 10. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	A hluti Bókfært verð	A og B hluti Bókfært verð
BHS ehf. ....	11,1%	540	1.014	1.014
Flokkun Eyjafjörður ehf. ....	8,9%	22.176	22.186	22.186
Greið leið ehf. ....	0,3%	78	94	94
Landskerfi bókasafna hf. ....	0,4%	539	539	539
Lánasjóður sveitarfélaga ohf. ....	1,4%	67.350	119.330	119.330
Tækifæri hf. ....	1,0%	6.897	12.179	12.179
Eignarhlutir í félögum í árslok .....			155.341	155.341

### 11. Langtímakröfur

Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Staða langtímakrafna í ársbyrjun .....	104.401	0
Afborgun á árinu .....	( 7.852 )	0
Verðbætur .....	2.105	0
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	98.654	0
Næsta árs afborganir .....	( 8.300 )	0
Langtímakröfur samtals.....	90.353	0

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

Árið 2017 .....	8.300	0
Árið 2018 .....	8.681	0
Árið 2019 .....	9.080	0
Árið 2020 .....	3.810	0
Árið 2021 .....	3.985	0
Síðar .....	64.798	0
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	98.654	0

### 12. Skammtímakröfur

Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun .....	32.200	37.825
Afskrifað á árinu, nettó.....	( 539 )	( 483 )
Breyting niðurfærslu á árinu.....	2.839	4.378
Niðurfærsla í árslok .....	34.500	41.720

### 13. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	A hluti
Eigið fé 1.1.2016.....	1.676.641
Endurmat lóða og lendna.....	53.565
Rekstrarniðurstaða ársins.....	139.616
Eigið fé 31.12.2016.....	1.869.823

	Óráðstafað eigið fé	Sérstakt endurmat	A og B hluti
Eigið fé 1.1.2016.....	2.028.506	136.997	2.165.503
Niðurfærsla á sérstöku endurmati.....	8.377	( 8.377 )	0
Endurmat lóða og lendna.....	53.565	0	53.565
Rekstrarniðurstaða ársins.....	249.298	0	249.298
Eigið fé 31.12.2016.....	2.339.746	128.620	2.468.366

## Skýringar, frh.:

### 14. Lífeyrisskuldbinding

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á áunnum lífeyrisréttindum starfsmanna í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins nam skuldbinding A hluta / A og B hluta 465,1 / 493,6 millj. kr. í árslok 2016 miðað við 2,0% ársvexti. Hækkun skuldbindingarinnar á árinu nam 27,8 / 29,2 millj. kr. Breytingin greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Lífeyrisskuldbinding 1.1.2016.....	437.249	464.483
Greitt á árinu.....	( 14.798 )	( 15.372 )
Gjaldfært á árinu.....	42.644	44.538
Lífeyrisskuldbinding 31.12.2016.....	465.096	493.649
Næsta árs greiðsla lífeyrisskuldbindingar.....	( 14.880 )	( 15.794 )
Lífeyrisskuldbinding 31.12.2016 .....	450.216	477.855

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

Árin 2017 - 2021.....	80.640	85.591
Árin 2022 - 2026.....	91.064	96.655
Árin 2027 - 2031.....	91.259	96.861
Síðar.....	202.133	214.542
Lífeyrisskuldbinding samtals .....	465.096	493.649

### 15. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding nam 70,8 millj. kr. í árslok 2016. Breyting skuldbindingarinnar á árinu greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun.....	75.962
Tekjuskattur ársins.....	13.667
Tekjuskattur til greiðslu.....	( 18.814 )
Tekjuskattsskuldbinding í árslok.....	70.816

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

Rekstrarfjármunir.....	70.831
Viðskiptakröfur .....	( 15 )
Tekjuskattsskuldbinding í árslok.....	70.816

### 16. Langtímaskuldir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	Óverðtryggð lán	Verðtryggð lán	Samtals
<b>A hluti</b>			
Staða lána í ársbyrjun .....	64.000	237.075	301.075
Tekin ný lán.....	0	100.000	100.000
Afborganir af lánum .....	( 8.000 )	( 64.349 )	( 72.349 )
Verðbætur .....	0	4.806	4.806
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir .....	55.999	277.531	333.531
Næsta árs afborganir .....	( 8.000 )	( 60.350 )	( 68.350 )
Langtímaskuldir samtals.....	47.999	217.181	265.181
<b>A og B hluti</b>			
Staða lána í ársbyrjun .....	64.000	665.470	729.470
Tekin ný lán.....	0	100.000	100.000
Afborganir af lánum .....	( 8.000 )	( 163.030 )	( 171.030 )
Verðbætur.....	0	12.953	12.953
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir .....	56.000	615.393	671.393
Næsta árs afborganir .....	( 8.000 )	( 96.457 )	( 104.457 )
Langtímaskuldir samtals.....	48.000	518.936	566.936

## Skýringar, frh.:

### 16. Langtímaskuldir, frh.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Árið 2017 .....	68.350	104.457
Árið 2018 .....	57.156	92.842
Árið 2019 .....	51.550	73.592
Árið 2020 .....	30.245	52.465
Árið 2021 .....	28.381	51.696
Síðar .....	97.849	296.341
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	333.531	671.393

### 17. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
Aðalsjóður .....	100%	2.262.255	897.171	1.365.085
Eignasjóður .....	100%	2.388.259	1.883.521	504.738
Innri færslur A hluta .....		( 1.619.972 )	( 1.619.972 )	0
A hluti samtals .....		3.030.543	1.160.720	1.869.823
Félagslegar íbúðir .....	100%	84.311	193.742	( 109.430 )
Fráveita .....	100%	165.848	106.567	59.280
Hafnasjóður .....	100%	234.491	32.111	202.380
Hitaveita .....	100%	509.865	254.238	255.627
Vatnsveita .....	100%	191.570	882	190.688
Innri færslur A og B hluta .....		( 300.030 )	( 300.030 )	0
Samtals .....		3.916.597	1.448.231	2.468.366

### 18. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Sveitarfélagið er í einfaldri ábyrgð á skuldbindingum Róta b.s., Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar b.s., Eypings og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra en innbyrðis skiptist ábyrgð sameigenda skv. íbúatölu þeirra.

Með setningu laga nr. 127/2016 var lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt og hafði sú breyting áhrif á A-deild Brúar lífeyrissjóðs sem núverandi og fyrrverandi starfsmenn sveitarfélagsins eru aðilar að. Áður eða þann 28. október 2016 skrifuðu ríki og sveitarfélög undir samkomulag um uppgjör áfallins og framtíðar halla A-deildarinnar auk varúðarsjóðs. Í mars 2017 barst sveitarfélaginu erindi frá Brú lífeyrissjóði þar sem fyrirhugað uppgjör er kynnt. Mun uppgjörið miða við uppreiknaða stöðu A-deildar lífeyrissjóðsins þann 31. maí 2017. Sveitarfélaginu mun standa til boða að gera upp skuldbindingar vegna A-deildar lífeyrissjóðsins með skuldabréfi til langs tíma, ellegar mun ríkissjóður gera á það endurkröfu. Veruleg óvissa ríkir um endanlega fjárhæð uppgjörins, áhrif þess á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og endanlega útfærslu þess.

### 19. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## Skýringar, frh.:

### 20. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs:

	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningar				
		2016	2015	2014	2013	2012
<b>Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga</b>						
Rekstrarjöfnuður síðustu						
þriggja ára í milljónum króna .....	( 26 )	104	0	83	68	167
Skuldaviðmið .....	64,2 %	54,9 %	59,0 %	61,3 %	64,2 %	64,1 %
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur</b>						
Útsvar .....	51,9 %	48,9 %	51,8 %	51,1 %	50,8 %	52,6 %
Fasteignaskattur .....	6,7 %	6,0 %	6,7 %	6,5 %	6,0 %	6,0 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	25,5 %	27,6 %	22,1 %	22,4 %	22,3 %	22,1 %
Skatttekjur samtals.....	84,0 %	82,6 %	80,6 %	80,1 %	79,1 %	80,6 %
Aðrar tekjur .....	16,0 %	17,4 %	19,4 %	19,9 %	20,9 %	19,4 %
Rekstrartekjur samtals .....	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld.....	( 60,3% )	( 57,5% )	( 62,3% )	( 58,3% )	( 57,3% )	( 58,7% )
Annar rekstrarkostnaður.....	( 35,2% )	( 30,6% )	( 38,0% )	( 34,9% )	( 35,7% )	( 36,6% )
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	4,5 %	11,9 %	( 0,3% )	6,8 %	7,0 %	4,7 %
Afskriftir.....	( 4,4% )	( 4,4% )	( 5,0% )	( 4,6% )	( 4,6% )	( 5,0% )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	0,4 %	0,5 %	( 0,1% )	0,9 %	0,1 %	0,4 %
Rekstrarniðurstaða.....	0,5 %	8,0 %	( 5,4% )	3,1 %	2,5 %	0,1 %
Veltufé frá rekstri .....	5,4 %	12,6 %	3,9 %	10,1 %	8,7 %	8,3 %
Fjárfestingarhreyfingar.....	( 9,4% )	( 9,4% )	( 4,2% )	( 6,2% )	( 7,5% )	( 6,8% )
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárm.....	13,8 %	13,0 %	5,3 %	7,3 %	8,3 %	8,2 %
Skuldahlutfall - skuldir/rekstrartekjur.....	76,4 %	66,4 %	71,1 %	71,8 %	74,8 %	75,8 %
<b>Aðrar lykiltölur</b>						
Langtímaskuldir í hlutfalli við						
veltufé frá rekstri, mælt í árum .....	3,61	1,21	4,00	1,96	2,90	3,05
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við						
afborganir skulda og skuldbindinga.....	1,20	2,52	0,83	2,00	1,75	1,67
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/						
skammtímaskuldir.....	0,78	0,89	0,76	0,95	1,01	0,95
Eiginfjárlutfall - eigið fé/heildarfjármagn....	57,2%	61,7%	60,5%	62,1%	61,4%	62,9%

## Skýringar, frh.:

### 20. Lykiltölur, frh.

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs:

	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningar				
		2016	2015	2014	2013	2012
<b>Í þúsundum króna á íbúa</b>						
<b>Rekstur</b>						
Skatttekjur.....	762	794	673	643	599	566
Aðrar tekjur .....	145	168	162	160	158	136
Laun og launatengd gjöld .....	( 547)	( 553)	( 520)	( 468)	( 433)	( 412)
Annar rekstrarkostnaður .....	( 319)	( 294)	( 317)	( 280)	( 270)	( 257)
